

# Tónvísir

Fréttabréf Tónlistarskóla Reykjanessbæjar  
maí 2019

---

---



---

Tónlistarskóli Reykjanessbæjar, Hjallavegur 2, Hjómahöll, Reykjanessbær  
sími 420-1400 Netfang: [tonlistarskoli@reykjanessbaer.is](mailto:tonlistarskoli@reykjanessbaer.is)  
vefslóð: [tonlistarskoli.reykjanessbaer.is](http://tonlistarskoli.reykjanessbaer.is)  
Skrifstofan er opin alla virka daga frá 9-17

---

---

## Umsóknir fyrir næsta vetur

Föstudagurinn 10. maí n.k. er síðasti dagur fyrir núverandi nemendur til að skila inn umsóknum um áframhaldandi skólavist næsta skólaár. Þeir sem enn eiga eftir að skila inn umsókn, þurfa að drífa í því hið snarasta, annars er skólavist ekki örugg.

## Umsóknir nýrra nemenda

Sótt skal um á vef skólans tonlistarskoli.reykjanesbaer.is undir hnappnum

„Nýjar umsóknir“

Það er alltaf opið fyrir nýjar umsóknir, en ef nemandi vill eiga möguleika á því að komast að næsta skólaár, er mjög æskilegt að sótt sé um í síðasta lagi 7. júní n.k. Eftir þann dag verður unnið úr nýjum umsóknum. Þeir sem fá skólavist, fá tilkynningu um það í tölvupósti. Aðrar umsóknir fara á biðlista.

## Lok skólaársins

Framundan eru vortónleikar kennara/deilda og vortónleikar hljómsveita og samspilshópa. Það eru því miklar annir hjá nemendum og starfsfólki skólans þessa dagana, og afar mikilvægt að fara vel yfir það sem stendur hér í Tónvísí og fylgjast vel með á vefsíðunni okkar og á Facebook.

## Vortónleikar kennara/deilda

Fjölmargir vortónleikar verða haldnir eins og venjulega og stendur hver deild eða kennarar fyrir tónleikum með nemendum sínum. Kennarar tilkynna sjálfir til nemenda og/eða foreldra hvar og hvenær tónleikar verða. Yfirlit yfir alla vortónleika skólans er hér í Tónvísí og á vefsíðu skólans. Einnig er hægt að fá upplýsingar um tónleikahaldið á skrifstofunni.

## Síðasti kennsludagur og skólaslit

Síðasti kennsludagur skólaársins er föstudagurinn 24. maí.

Skólaslit verða í Stapa sama dag kl. 18.00.

Það hefur ávallt verið fjölmenni við skólaslit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og auðvitað eru allir velkomnir. Á skólaslitunum verða að venju afhent prófskírteini og aðrar einkunnir, Íslandsbanki mun veita nemanda hin árlegu „Hvatningarverðlaun“ bankans og falleg tónlist verður flutt. Athöfnin tekur u.þ.b eina klukkustund. Daginn eftir fer starfsfólk skólans í viku langa starfþróunarferð.

*Föstudagur 24. maí*

**Skólaslit kl. 18:00**

**í Stapa, Hljómahöll.**

Tónlistarflutningur

Hvatningarverðlaun Íslandsbanka

Afhending prófskírteina og vitnisburðarblaða vetrarins

Allir velkomnir

## Ýmislegt að gerast

\*Nú er ný afstaðin heimsókn strengjasveitar frá Valkeakoski í Finnlandi. Finnarnir, ásamt eldri strengjanemendum okkar og úr Tónlistarskóla Kópvogs, héldu tónleika í Stapa laugardaginn 27. apríl s.l. Auk þess voru haldnir tónleikar í Kefas-salnum í Kópavogi. Þetta samstarf gekk mjög vel og vonir standa til að strengjanemendur okkar og úr Kópavogi geti endurgoldið heimsóknina á næsta skólaári.

\*Það er ýmislegt á döfinni hjá okkur fyrir utan vortónleika og skólaslit. Ber þar helst að nefna, að laugardaginn 18. maí n.k. fara B-sveit Lúðrasveitarinnar ásamt B-sveit Skólahljómsveitar Austurbæjar í Reykjavík, í æfingabúðir í Grunnskóla Grindavíkur. Æft verður stíft frá kl.10 og endað með tónleikum kl.15.30.

\*Bjöllukórinn fer til Massachusetts og Connecticut í Bandaríkjunum í lok júní, þar sem hann tekur þátt í stóru bjöllukóramóti og heldur tónleika. Bjöllukórinn leggur lokahönd ferðina með tónleikum í Bergi, fimmtudaginn 20. júní n.k.

\*Það er gaman að geta þess að fyrir síðustu jól, gaf hljómsveitin Sigur Rós út plötu sem heitir „Klukk“. Á henni leikur Bjöllukórinn nokkur lög Sigur Rósar í útsetningu fyrrum kennara skólans, Inga Garðars Erlendssonar. Platan er einungis á vefnum.

### *Hljómsveita- og Tónverstónleikar í vor*

<b>mán. 13. maí</b>	<b>kl. 19:00</b>	<b>Gítarsamspil í Bergi</b>
<b>þri. 14. maí</b>	<b>kl. 17:00</b>	<b>Strengjasveit (yngri) í Bergi</b>
<b>mið. 15. maí</b>	<b>kl. 18:00</b>	<b>Lúðrasveit C í Bergi</b>
<b>fim. 16. maí</b>	<b>kl. 17:30</b>	<b>Barnakór TR í st. 102</b>
<b>mið. 22. maí</b>	<b>kl. 19:30</b>	<b>Tónver í Bergi</b>
<b>fim. 20. júní</b>	<b>kl. 20:00</b>	<b>Bjöllukór TR í Bergi</b>

*Aðgangur á þessa viðburði er ókeypis og allir eru hjartanlega velkomnir.*



### Starfsáætlun í maí 2019



<b>10.-16. maí</b>		Próf í Tónfræðigreinum
<b>13. maí</b>	mið. kl. 19:30	<b>Vortónleikar Gítarsamspil í Bergi</b>
<b>14. maí</b>	þri. kl. 16:00 kl. 17:00	Vortónleikar nem. Þorvaldar í stofu 102 <b>Vortónleikar Strengjasveit, yngri í Bergi</b>
<b>15. maí</b>	miðv. kl. 18:00	<b>Stofutónleikar Lúðrasveitar C í Bergi</b>

- 16. maí** fimm. kl. 17:00 Vortónleikar nem. Ragnheiðar Eirar og Þórörmu í Bergi  
kl. 18:00 Vortónleikar nem. Ragnheiðar Eirar, Þórörmu, Ernu og Karenar í Bergi  
kl. 17:30 **Vortónleikar Barnakórs TR í stofu 102**  
kl. 19:00 Vortónleikar nem. Arnars Freys í Bergi
- 17. maí** fös. kl. 17:00 Vortónleikar nem. Þórunnar í Bergi  
kl. 18:00 Vortónleikar nem. Hörpu og **Lúðrasveit A** í Bergi
- 18. maí** laug. kl. 11:00 Vortónleikar nem. Ínu Dóru í Bergi  
**Vorferð Lúðrasveit B í Grindavík:**  
**9:15 mæting við TR**  
**15:30 tónleikar á sal Grunnskóla Grindavíkur**
- 20. maí** mán. kl. 16:30 Vortónleikar nem. Söngdeildar í Bergi  
kl. 17:30 Vortónleikar nem. Jelenu í Bergi  
kl. 18:00 Vortónleikar nem. Kristjáns og Hjalta í Bergi  
kl. 18:00 Vortónleikar nem. Alberts í st. 102  
kl. 19:00 Vortónleikar nem. Eypórs í st. 102  
kl. 19:00 Vortónleikar nem. Germans í Bergi  
kl. 20:00 Vortónleikar nem. Steinars í Bergi
- 21. maí** þri. kl. 17:00 Vortónleikar nem. Grétu í Bergi  
kl. 18:00 Vortónleikar nem. Unnar í Bergi  
kl. 19:00 Vortónleikar nem. Renötu í Bergi  
kl. 20:00 Vortónleikar nem. Birtu Rósar, Bjarma, Páls og Róberts í Bergi
- 22. maí** mið. kl. 17:00 Vortónleikar nem. Guðríðar Evu í Bergi  
kl. 18:00 Vortónleikar nem. Jónínu í Bergi  
kl. 19:30 **Vortónleikar Tónvers í Bergi**
- 23. maí** fim. kl. 16:45 Vortónleikar nem. Arons og Ásgeirs í stofu 102  
kl. 17:15 Vortónleikar nem. Aleksöndru í Bergi  
kl. 18:15 Vortónleikar nem. Þorvaldar Más í Bergi  
kl. 19:15 Vortónleikar nem. Geirþrúðar og Sigrúnar Gróu í Bergi
- 24. maí** fös. **Síðasti kennsludagur**  
kl. 18:00 **Skólaslit í Stapa**
- 20. júní** fim. kl. 20:00 **Vortónleikar Bjöllukórs TR í Bergi**

